

Dalabyggð
Hlynur T. Torfason
Miðbraut 11
370 Búðardal Dalabyggð

Garðabær, 15. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0053
LA

Efni: Umsögn um kynningu á aðalskipulagsbreytingu í landi Ljárskóga, Dalabyggð

Vísað er í erindi Dalabyggðar, er barst gegnum Skipulagsgátt þann 15. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um greinargerð vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar í landi Ljárskóga.

Skipulagsbreytingin felur í sér að svæði F-23 sem er austan Þjóðveggar færir alfarið vestur fyrir veginn. Umfang frístundasvæðisins minnkar um 33,5 ha, þ.e. úr 56,9 ha í 23,4 ha, en heimilaður fjöldi frístundahúsa innan svæðisins eykst. Einnig er gert ráð fyrir tveimur nýjum verslunar- og þjónustusvæðum fyrir ferðaþjónustu vestan vegar, á samtals 9,8 ha svæði. Gert er ráð fyrir samtals 23 frístundahúsum, en nú þegar eru þrjú hús innan svæðisins.

Ströndin nýtur verndar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar. Fram kemur í greinargerð að 5 ha svæði fellur inna verndarsvæðis Breiðafjarðar og fyrirhuguð uppbygging mun liggja 3,1 km meðfram strandlengju Hvammsfjarðar. Fjarlægð frá stofnvegi að strönd er almennt um 150-200 m, en minnst um 60 metra og mesta fjarlægð er rúmlega 500 m.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið sveitarfélaginu umsögn um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags í landi Ljárskóga, dags. 20. september 2023, og er vísað í athugasemdir sem þar koma fram.

Breiðafjarðarsvæðið er einstök heild þar sem náttúruferndarsvæðisins er sérlega fjölbreytt og auðugt m.t.t. lífríkis, jarðminja og landslags. Breiðafjörður er á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO, en auk þess þarf að taka tillit til ýmissa alþjóðlegra samninga og tilskipana er varða vernd Breiðafjarðar, s.s. Bernarsamningur, samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Ramsarsamningur, AEW samningur um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafugla, evrópski landslagssamningurinn.

Skipulagssvæðinu er skorinn þröngur stakkur og taka þarf tillit til þess að almennt er mælt til þess að mannvirki séu ekki nær ströndu en 50 m (sbr. helgunarsvæði árbakka) og veghelgunarsvæði stofnvega er um 30 m.

Frístundabyggð við strönd Hvammsfjarðar mun hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins og raska þeirri landslagsheild sem nú er til staðar.

Stofnunin vill benda á að í vinnslu er endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Breiðafjarðar og vegna mikilvægi náttúruminja verndarsvæðisins er tilefni til að bíða með skipulagsbreytingar þar til áætlunin liggur fyrir.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

